



Laki

Ferðamannaleið

DEILISKIPULAG

04.10.2024

Br. 14.02.2025 eftir athugasemdir.



LANDMÓTUN®



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Viðgangsefni og markmið	3
2	Forsendur	4
2.1	Umhverfi og staðhættir	4
2.2	Aðkoma og vegir	5
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.4	Náttúruvernd	8
2.5	Minjar.....	8
3	Deiliskipulag.....	8
3.1	Almennt.....	8
3.2	Byggingar.....	8
3.3	Aðkoma, vegir og samgöngur	9
3.4	Gönguleið	9
3.5	Salerni og sorp	9
3.6	Öryggi	9
3.7	Gróður	10
3.8	Upplýsingar	10
3.9	Umhverfisáhrif	11
4	Kynning og samráð	12
5	Heimildaskrá.....	13

1 Inngangur

1.1 Viðgangsefni og markmið

Hér er lögð fram tillaga að deiliskipulagi við Laka í Skaftárhreppi. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag og því er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 ekki gerð skipulagslýsing. Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Við stofnun þjóðgarðsins var áformað að efla þjónustu við ferðamenn á svæðinu og er gerð deiliskipulags liður í því, en stefnt er að gerð gönguleiða og uppbyggingu bílastæða og áningarstaðar.

Skaftárhreppur hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna og er ferðaþjónusta orðin stærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu. Innviðir ferðaþjónustunnar eru afar mikilvægur þáttur í þjónustu við þá ferðamenn sem sækja landið heim. Ágangur stöðugt fleiri ferðamanna á viðkvæma náttúru landsins ásamt vaxandi umhverfisvitund ferðamanna og annarra hefur leitt til aukinna krafna um skipulag og stjórnun í ferðaþjónustu. Með uppbyggingu og endurbættri aðstöðu fyrir ferðamenn við Laka verða fleiri staðir til að taka við auknum fjölda ferðamanna á Suðurlandi en það er sá landshluti, utan höfuðborgarsvæðis og Reykjaness, þar sem álagið hefur verið hvað mest.¹ Með deiliskipulagsgerðinni er markmiðið að móta og staðfesta heildstætt skipulag fyrir áfangastaðinn og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem framundan er á svæðinu. Enn fremur er markmiðið að stýra umferð vegfarenda um einstakar jarðminjar svæðisins og gera staðinn að öruggum og aðlaðandi áningarstað. Auka þarf þolmörk staðarins og styrkja innviði svo hann anní gestafjölda og verði ekki fyrir skemmdum af völdum ágangs. Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir bílastæðum, göngustígum, aðstöðu fyrir ferðafólk og upplýsinga- og fræðsluskiltum á svæðinu. Skipulagið skal vera leiðbeinandi um umhirðu og viðhald svæðisins og marka stefnu um vernd þess og hlutverk.

Deiliskipulagsáform falla ekki undir Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- ❖ Móta heildstætt skipulag fyrir áfangastað og gönguleið við Laka og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem framundan er á svæðinu.
- ❖ Skapa áfangastað og útivistarsvæði sem vekur athygli vegfarenda á þeim einstöku jarðminjum sem á svæðinu er að finna án þess að skerða verndargildi svæðisins.
- ❖ Auka aðdráttarafl og útivistargildi svæðisins.
- ❖ Auka fræðslugildi svæðisins
- ❖ Auka þolmörk staðarins og styrkja innviði svo hann anní gestafjölda og verði ekki fyrir skemmdum af völdum ágangs.

¹ Ferðamálastofa. (2018). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum. Reykjavík.

2 Forsendur

2.1 Umhverfi og staðhættir

Laki er móbergsfjall í miðri Lakagígaröð, gígaröð á um 25 km langri sprungu vestan Vatnajökuls sem dregur nafn sitt af fjallinu. Gossprungan liggur frá móbergsfjallinu Hnútu, til norðausturs í gegnum Laka, sem er 818 metra yfir sjávarmáli, og endar í Vatnajökli. Af Laka er frábært útsýni yfir gígaröðina og landslagið í kring. Lakagígar eru jarðmyndanir sem urðu til í Skaftáreldum, einu mesta eldgosi Íslandssögunnar sem stóð yfir frá 1783 til 1784. Gígarnir eru merkilegar jarðfræðiminjar á heimsvísu og lífríkið á svæðinu er sérstætt. Lakagígar eru afar viðkvæmir, litríkt gjallið er mjög laust í sér og molnar við minnsta álag. Gígarnir eru flestir vaxnir gamburmosa, (melagambra og hraungambra), og svæðið er afar viðkvæmt fyrir ágangi. Hraunið sem frá gígunum rann er þakið gamburmosa ásamt breiskjufléttum sem er mjög sérstakt vistkerfi og var áður flokkað sem breiskjuhraunavist. Á svæðinu er því sérlega mikilvægt að ferðafólk gangi aðeins eftir merktum gönguleiðum.




Mynd 1. Gróðurþekjan á Lakasvæðinu. Mynd: GGB.

Flæðigos með basísku gosbergi eru sérkenni Íslenskrar eldvirkni og hafa orðið stór flæðigos orðið á landinu á um 500 ára fresti frá hörfun ísaldarjökulsins. Eru Skaftáreldar næst stærst flæðigos frá landnámi, hófst eldgosið 8. Júní 1783 og lauk 7. febrúar 1784. Á þeim tíma kom upp hraunkvika sem nam um 14,7 rúmkílómetra og þakti um 600 ferkílómetra með gríðarlegum afleiðingum fyrir íbúa Íslands og hafði áhrif um allt norðurhvel jarðarinnar.

Vegna sérstöðu svæðisins voru Lakagígar og nágrenni friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 en Lakagígar teljast til merkilegra jarðfræðiminja á heimsvísu og eru í dag hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Þjóðgarðurinn í heild sinni, alls 15.000 ferkílómetrar, var skráður á heimsminjaskrá UNESCO sumarið 2019 á grundvelli einstakrar náttúru hans.

Mannvirki á Lakasvæðinu eru fá og einföld. Bílastæði er við rætur Laka, þar er vatnssalerni sem byggt var sumarið 2008 og þjónustuhús fyrir Landverði ásamt tilheyrandi vatnsgeymi, dælubúnaði, frárennsli og rotþró, auk kamars sem notaður er utan háannatíma. Við Tjarnargíg er annað bílastæði með vatnssalerni frá 2007 ásamt upplýsingarskýli fyrir landverði og ferðamenn.



Mynd 2. Kort af Lakasvæðinu, akvegi og gönguleiðum auk þjóðgarðsmörkum

Svæðið við Laka er mjög viðkvæmt. Það liggur allt í yfir 500 metra hæð yfir sjó, ríkjandi gróðurlendi er mosabemba og undirlag er að mestu leyti hraun og gjóska. Í skýrslunni „Ferðamennska við Laka - Rannsóknir á þolmörkum ferðamennsku á Lakasvæðinu“ frá árinu 2007 kemur fram að flestir ferðamenn sem heimsóttu Lakasvæðið gengu einhvern eða einhverja af þeim göngustígum sem liggja frá bílastæðinu við Laka (sjá mynd 2). Frumathugun sem gerð var 2007 á þolmörkum umhverfis við Laka benti til þess að á þremur fjölförnustu göngustígum við Laka væri þolmörkum umhverfis náð hvað varðar álag göngufólks. Umhverfi stíganna einkenndist af breiðu áhrifasvæði með mörgum hliðarstígum, gróðurbreytingum eða að bæði gróður og jarðvegur sé með öllu horfinn og komið niður á molnandi undirlag sem fýkur burt. Mikið rof einkenndi alla stígana og skemmdar jarðmyndanir voru algengar (Vegagerdin).

Síðustu ár hafa göngustígar verið betur afmarkaðir, tröppur gerðar og gömlum villuslóðum lokað. Auk þess sem mikið er lagt upp úr að ræða við alla dagsgesti um helstu umgengisreglur og benda þeim á hversu viðkvæm náttúran er.

Sumrin 2019 til 2023 var göngustígur upp á Laka að sunnan/austan ónothæfur vegna vatnsskemmda og var sá hluti lokaður frá 2019. Búið er að fá styrk til endurbóta og eru framkvæmdir hafnar og mun þeim vonandi ljúka á komandi sumri. Enn er mikil ummerki eftir gamla umferð vítt og breitt um gígana og mikil vinna liggur fyrir um uppgræðslu á villustígum. Uppgræðsla og mosaflutningar halda áfram jafnt og þétt.

2.2 Aðkoma og vegir

Vegurinn inn að Laka (F206) liggur frá þjóðvegi 1 við Hunkubakka, um 47 km leið. Þetta er fjallvegur sem fylgir landslaginu, er hlykkjóttur, frekar ógreiðfær og víða grýttur. Á leiðinni þarf að fara yfir þrjár óbrúaðar ár: Stjórn, Hellisá og Geirlandsá sem eru dragár og geta vaxið í miklum rigningum og orðið varhugaverð. Vegur liggur um svæðið sunnanvert þar sem Lakavegur (F206) liggur frá Galta að fjallinu Laka. Við Laka fær vegurinn vegnúmerið F207 og liggur suður með gígaröðinni að Hnútu og þaðan yfir Eldhraunið og að á F206 sunnan við Galta.



Mynd 3. Núverandi bílastæði við Laka.

Gangnamannaskálarnir við Hrossatungur og Blágil eru sunnan við þennan veg þar sem hann liggur um Eldraunið. Vegurinn er sæmilega fær og flokkast sem fjallvegur í flokki F2 sem eru skilgreindir svo samkvæmt Vegagerðinni „Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum og jepplingum. Einungis slóð, oftast en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þátið“

Utanvegaakstur er ólöglegur á Ísland skv. Lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en heimilt að aka á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum (31. gr). Svæðið er opið ferðamönnum allan ársins hring utan þess tíma sem aðkomuleið (F206) lokar vegna vorleysinga. Það ræðst því af veðurfari hvenær vegurinn að Laka er fær. Vegurinn hefur í fyrsta falli verið opnaður 12 júní en það hefur dregist fram til 30 júní, að meðaltali opnar vegurinn 19 júní (Vegagerðin, 2021). Á haustinn lokast aðkomuleið flestum farartækjum vegna sjóa og í miklum rigningum vex í ánum og getur vegurinn þá einnig lokast.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1 Landsskipulagsstefna

Fyrsti kafli Landsskipulagsstefnu fjallar um skipulag á miðhálandi Íslands, og segir þar að staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist og að uppbygging innviða taki mið af sérstöðu þess. Áhersla er lögð á að sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins verði viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Við skipulagsgerð skulu sveitarfélög gæta þess að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Tryggja þarf aðgang almennings að miðhálandinu án þess að náttúran skaðist. Uppbygging ferðamannaaðstöðu skal stuðla að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en þess skal jafnframt gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu skal borin virðing fyrir náttúrulegu landslagi og sérstaklega aðgætt að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

2.3.2 Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 er í gildi og er svæðið skilgreint sem óbyggð svæði ofan 200 m y.s, afréttarlönd og jöklar. Um óbyggð svæði ofan 200m y.s. segir:

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

Markmið aðalskipulagsins á slíkum svæðum er að skipuleggja umferð á opnum svæðum m.t.t. álagspóls jarðvegs og gróðurs og að unnið verði að skráningu náttúruvætta og menningarminja og merkingu gönguleiða. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum, en þó er leyfilegt að koma upp salernisaðstöðu við upplýsingatorg og við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna. Salernin skulu að hámarki vera 20 m² og með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja afstöðumynd, útlitstekning og lýsing á frágangi við vatnsöflun og frárennsli.

Í aðalskipulaginu er Laki nefndur sem dæmi um áhugaverðan og mikilvægan áningarstað fyrir ferðamenn og útivistarfólk, án gistingar, s.s. vegna athyglisverðra náttúruminja og gönguleiða (bls. 17).

Laki er einnig innan Vatnajökulspjóðgarðs sem er friðlýst svæði skv. lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.

2.3.3 Vatnajökulspjóðgarður

Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður 2008 og er tæplega 15.000 km² að stærð sem samsvarar um 15% af flatarmáli Íslands og er hann stærsti þjóðgarður í Evrópu. Vatnajökulspjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Markmiðið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans er að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar þess. Auk þess á að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veitt fræðsla um náttúru, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðlað að rannsóknum til að efla þekkingu þar á. Þjóðgarðurinn er ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni garðsins með sjálfbærri nýtingu náttúrunnar á svæðinu.

Í lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr.60/2007 segir m.a.:

15. gr. 2. málsg.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spilt. Gestum þjóðgarðsins er skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

2.3.4 Lög um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja.

Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja tóku gildi í apríl 2016. Stjórnvöld hafa mótað stefnu varðandi verndun svæða og eru áhersluverkefni fyrir árin - 2021 - 2023 hluti af 12 ára stefnumarkandi landsáætlun. Í Stefnumarkand landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum fyrir árin 2020-2022 kemur fram að langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarminja á ferðamannastöðum. Er þar meðal annars framlag til Vatnajökulspjóðgarðs vegna enduruppbyggingar göngustígs sem liggur frá bílastæði upp á fjallið Laka og mun þeirri vinnu ljúka haustið 2024.

2.3.5 2.3.5. Lög um náttúruvernd

Markmið Laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) er vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, meðal annars jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

Í 3. grein þessara laga kemur fram að verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni er að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,

og njóta eftirtalдар jarðminjar sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

- a. eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma (61. gr).

2.4 Náttúruvernd

Lakagígar og nágrenni þeirra var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 en árið 2004 var svæði sett undir þjóðgarðinn í Skaftafelli. Með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs 2008 féll svæðið þar undir og er nú hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Vatnajökulsþjóðgarður var skráður á heimsminjaskrá UNESCO sumarið 2019 á grundvelli einstakrar náttúru hans.

Stór hluti Laka og umhverfis hans fellur undir 61. gr Laga um náttúruvernd.

Á svæðinu eru jarðminjar þar sem gígar, gervíggar og hraun frá nútíma og eru vitni um gríðarlega miklar náttúruhamfarir sem áhrif höfðum um allan heim og eru einstakar á heimsvísu.

2.5 Minjar

Lakasvæðið liggur hátt í landinu, er langt frá byggð og stór hluti þess er þakinn hrauni og vikri frá 1783. Á svæðinu eru engar þekktar minjar.

3 Deiliskipulag

3.1 Almenn

Ráðgert er að gera 30 bílastæði, auk tvö bílastæða fyrir fatlaða og tvær rútur, þar sem bílum er lagt í dag við salernishús. Bílastæði verður afmarkað og verður aðflutningur á efni haldið í lámarki. Þar eru upplýsingaskilti og upphaf gönguleiðar sem er um 5 km löng hringleið upp á topp Laka. Þaðan er hægt að njóta útsýnis yfir Lakagígaröðina. Áfram verður um 130m ofar í landinu annað minna bílastæði, einungis ætlað fötluðum. Rafmagn kemur frá lítilli vindmyllu og sólarsellu en vatn er fengið út borholu upp í hlíð sem er svo safnað saman í vatnsgeymir. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 63 ha. Sé starfsemi innan svæði skráningarskyld þá verður sótt um það starfsleyfi sbr. tölul. 1. í viðauka með reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.2 Byggingar

Deiliskipulagið skilgreinir tvo byggingarreiti B1 og B2 þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði, salerni með áningarbekkjum fyrir gesti.

B1- Aðstaða fyrir landverði og þjónustuhús. Innan reitsins er í dag tvö hús samtals 20,5 m² og vindmylla. Vindmylla allt að 7 m há miðað við spaða í hæstu stöðu. Vindmyllan er notuð yfir sumartímann á meðan salernishús eru opin til þess að búa til rafmagn. Öllu jöfnu er hún tekin niður yfir vetrarmánuðina.

Hámarks byggingarmagn innan B1 er allt að 120 m². Hámarkshæð í mæni húsa er 3,5 m. Húsin standa á sérsteyptum stöplum.



Mynd 4. Landvarðaraðstaða og salerni við Laka.

B2- Á reitnum stendur þurrkamar sem nýttur er utan þess tíma sem vatnssalarni eru lokuð. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 50 m², hámarkshæð í mæni húsa er 3,5 m og húsin geta staðið á sérsteyptum stöplum.

3.3 Aðkoma, vegir og samgöngur

Komið er að svæðinu eftir Lakavegi (F206) sem tekur við af Þjóðvegi númer 206 sem liggur að Fjaðrárgljúfri og Heiðarseli. Vegurinn að Fjaðrárgljúfri er fjölfarinn og er í dag malbikaður, frá honum liggur ómalbikaður vegur að eyðibýlunum Heiðarseli og Eintúnahálsi. Rétt norðan við Eintúnaháls er komið að fyrstu óbrúðu á Stjórn og er því ekki fært nema jeppum ofan við Eintúnaháls. Alls eru fjórar óbrúðar ár frá Eintúnahálsi að Laka. Frá Laka liggur F207 suður með gígaröðinni, yfir enn eina óbrúða á, Varmá, og sameinast svo Lakavegi austan við Blágil.

Aðsókn ferðamanna á svæðið er nokkuð stöðug yfir hásumarið en sveiflast lítilega eftir veðri. Var meðalfjöldi bíla á dag 27 bílar yfir háönn 2021 en meðalfjöldi bíla var mestur árið 2016 eða 39 bílar á dag á sama tímabili.

Engir áætlanarbílar ganga á svæðið en daglega er boðið upp á hópferðir á svæðið af einkaaðilum.

3.4 Gönguleið

Um 5 km löng hringleið sem liggur upp á topp Laka og hefur verið stikuð og hún lagfærð. Öllum gestum sem treysta sér í göngu upp á fjallið er ráðlagt að ganga stíginn rangsælist. Sú leið er auðveldari fyrir fólk sem á erfitt með að ganga upp brattar brekkur og með því verður einstefna á stígunum og rask utan stígsins er lágmarkað. Umhverfið á svæðinu er afar viðkvæmt fyrir átroðningi og því mjög mikilvægt að aðeins sé gengið á merktum gönguleiðum.

Gestagatan er fræðslustígur sem liggur út frá gönguleiðinni upp á Laka. Greinist hann frá þeirri gönguleið stutt frá efra bílastæðinu þar sem gestum er boðið upp á að taka ljósritaðan bækling með upplýsingum um svæðið. Þaðan fer stígurinn inn í einn gosgíginn, eftir botni hans og til baka að upphafsstað.

Aðrar gönguleiðir eru ekki á deiliskipulagssvæðinu.

3.5 Salerni og sorp

Ferðalangar skulu hafa allt sorp á brott með sér og er ekki gerðar ráðstafanir til að taka á móti neinu sorpi. Starfsmenn taka það sorp sem tilfellur vegna rekstursins á móttöku sorps á Kirkjubæjarklaustur þar sem það er flokkað og gengið frá því í viðeigandi gáma á vegum Skaftárrhrepps.

Tvo vatnssalarni eru á svæðinu, annað aðgengilegt hreyfihömluðum einstaklingum. Við salernið er 8000 l rotþró og frá henni liggur drenlög.

3.6 Öryggi

Gönguleiðirnar verða vel merktar og stikaðar auk þess sem landvörður er á svæðinu yfir daginn með leiðbeiningar um gönguleiðina, veðurútlit og útbúnað.

Landverðir sem starfa á svæðinu eru með grunnútbúnað og færni í fyrstu hjálp og Tetra talstöð er alltaf staðsett á svæðinu en með henni er hægt að kalla eftir aðstoð lögreglu og björgunarsveitarmanna þar sem símasamband er lélegt við þjónustuhúsið



Mynd 5. Vegvísir fyrir gönguleiði í Laka, vísa á Gestagötu sem er 0,5 km.

3.7 Gróður


Skaftáreldhraun er rúmlega 240 ára gamalt en samt nánast þakið gróðri neðan úr byggð upp á gígbarma í um 650 metra hæð. Lífríki Lakagíga er mótað af eldvirkni, ríkulegri úrkomu og fremur hlýju loftslagi. Þótt úrkoman sé mikil hripar hún niður í hraun svo háplöntur eiga erfitt með að nýta sér hana. Gróðurinn einkennist því af mosum og fléttum sem vaxa betur við þessi skilyrði. Mosi tekur upp vatn og næringu úr umhverfi sínu og nær því að þrífast þar sem jarðvegur er lítill eða enginn. Hann vex stöðugt en er þannig gerður að hann lengist í toppinn en deyr og rotnar í hinn endann og myndar rotlag og fremur ófrjóan en kolefnisríkan jarðveg. Við Lakagíga eru því tvær sérstæðar vistgerðir sem mótaðar eru af eldvirkni. Svokölluð fléttuhraunavist þekur stóran hluta hraunsins og sand-og vikravist er þar sem vikur og aska er ríkjandi jarðvegsefni og gefur landinu dökkan svip á þessum slóðum.² Inn á milli er gul og græn melagambra- eða hraungambravist sem þekur hlíðar Laka og gíganna sem næst honum liggja. Fléttuhraunvist var áður nefnd breiskjuhraunvist og bar nafn sitt af breiskjufléttum sem ná víða mikilli þekju í úfnari hlutum hraunsins og litar það grátt. Í hliðum Laka er urðaskriðuvist sem er einnig mjög fátæk af æðplöntum þó gróður sé þar nokkur einkum mosi.

Eru allar þessar vistgerðir sjaldgæfar vistgerðir utan Íslands og eru mjög viðkvæm fyrir átroðningi. Gróður æðplantna er hins vegar strjáll og þær lágvaxnar en gefa svæðinu sterkan svip, má þar nefna blávingul, geldingahnapp, melablóm og holurt.

3.8 Upplýsingar

Við Laka er aðsetur landvarða og eru þeir alla jafna til staðar yfir daginn frá því að vegurinn opnar að vori og fram yfir söfn. Er lagt upp úr því að allir gestir stoppi á bílastæðinu við þjónustuhúsinu þar sem þeir eru ávarpaðir persónulega og þeim gefnar upplýsingar um svæðið, umgengisreglur og góð ráð um hvernig best er að njóta svæðisins út frá persónulegri getu, veðurfari, ástandi vega og árstíma.

² <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20041129153805/www.ust.is/Frodleikur/Fridlystsvaedi//nr/1129>



Mynd 3. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hér vantar gestagötuna inn á myndina.

3.9 Umhverfisáhrif

Þeir umhverfisþættir sem deiliskipulagið er talið geta haft áhrif á eru gróðurpekja og jarðmyndanir vegna átroðnings gesta. Til að koma í veg fyrir að það verði á sem afmörkuðustu svæði verður gætt sérstaklega að merkingum á svæðinu og fræðslu til gesta um svæðið og viðkvæmni þess.

Stígar verða lagðir þar sem þeir falla sem best inn í landslagið, hætta á úrrennsli verði sem minnst og tryggt að gestir haldi sig á stígum með skýrum merkingum og upplýsingum um áhrif átroðnings á viðkvæman gróður og jarðminjar.

4 Kynning og samráð

Verklag deiliskipulagsins miðar að því að það sé opið og unnið í samráði við hagsmunaaðila. Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins. Skipulagstillaga þessi verður auglýst á netinu og aðgengileg hagsmunaðilum og almenningi og öllum boðið að gera athugasemdir við tillöguna. Skipulagstillaga þessi verður send eftirtöldum aðilum til umsagnar.

Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Náttúrufræðistofnun Íslands
Vegagerðin
Veðurstofa Íslands
Minjastofnun
Fjallskilaneftir Landbrots- og Miðafréttar

5 Breyting eftir auglýsingu

Skipulagið var auglýst frá 06.12.2024 – 20.01.2025 og komu inn umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Náttúrufræðistofnun.

Vegagerðin gerði kröfu á að ein afmörkuð vegtenging verði frá vegi að bílastæðum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Náttúrufræðistofnun benda á að koma þurfi fram á skýrari hætti hvernig skilgreining á salernum, bílastæðum og öflun neysluvatns er. Einnig að rekstur almenningssalerna er skráningarskyldur og að fjalla verði um það.

6 Heimildaskrá

Ljósmynd á forsíðu: Guðný Gígja Benediktsdóttir.

Vegagerðin, 2022. Opnun fjallvega. Sótt 1. Maí á

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Opnun_fjallvega_is_2021/\\$file/Opnun_fjallvega_is_2021.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Opnun_fjallvega_is_2021/$file/Opnun_fjallvega_is_2021.pdf)

Vegagerðin, 2021

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ferdamennska_Laka_Lokaskýrsla/\\$file/Ferdamennska_u_tivist_Laka_Lokaskýrsla.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ferdamennska_Laka_Lokaskýrsla/$file/Ferdamennska_u_tivist_Laka_Lokaskýrsla.pdf)

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.